

Gegnsætt fólk (brot)

eða

Maður og kona, piltur og stúlka og ein óþekkt stærð

Leikrit eftir Benóný Ægisson

Leikritið Gegnsætt fólk er í fjórum myndum og tíu smámyndum. Því miður er það ekki til í tölvutæku formi en hér er sýnishorn af verkinu, 1. mynd

PERSÓNUR:

MAÐUR

KONA

PILTUR

STÚLKA

X

1. mynd: Græðgi

MAÐUR

Þau ættu að vera komin. Af hverju koma þau ekki?

KONA

Þau hljóta að vera á leiðinni.

MAÐUR

Stundvísi! Stundvísi! Stundvísi! Ekkert er mikilvægara.

KONA

Þau vilja ekki koma fyrst. Þú veist hvernig þetta er.

MAÐUR

En þau geta ekki komið fyrst. Við erum fyrst. Við búum hér.

KONA

Það er ekki víst að þau geri sér grein fyrir því. Þau eru ung og reynslulaus. Manstu hvernig við vorum?

MAÐUR

Ég man ekki neitt.

KONA

Við vorum alltaf..

MAÐUR

EKKI MINNA MIG Á ÞAÐ. ÞÚ MANST HLUTINA ÖÐRUVÍSI EN ÉG.

KONA
Byrjarðu!

MAÐUR
Ég er hættur að byrja á nokkrum sköpuðum hlut. Það er of seint að byrja upp á nýtt.

KONA
Ef við ættum lífið fyrir okkur..

MAÐUR
Mér finnst nóg að hafa það að baki.

KONA
Voðalega ertu neikvæður.

MAÐUR
Nei!

KONA
Jú!

MAÐUR
Onei!

KONA
Ójú! Víst!

MAÐUR
Það er ekki hægt að rífast við þig.

KONA
Hættu því þá.

MAÐUR
Hætt þú!

KONA
Nei! Hætt þú!

MAÐUR
Nei! Þú!

KONA
Nei! Þú!

MAÐUR
Þú tekur engum sönsum.

KONA

Ekki þú heldur.

MAÐUR

Ovíst!

KONA

Ég nenni ekki að rífast við þig.

MAÐUR

Það er trúlegt!

KONA

Þú byrjaðir

MAÐUR

Óhugsandi. Ég er hættur að byrja á neinu.

KONA

Þú byrjaðir samt.

MAÐUR

Ég gerði það ekki.

KONA

Þú gerðir það víst.

MAÐUR

Það er della. Hreinar falsanir á staðreyndum.

KONA

Þú og þínar staðreyndir.

MAÐUR

Já.. vertu ekki að gera lítið úr þeim.

KONA

Það er ekki hægt að tala við þig.

MAÐUR

Vertu þá ekki að því. Ekki var ég að biðja þig að tala við mig.

KONA

Ég skal ekki segja orð.

MAÐUR

Mér þætti gaman að sjá það.

KONA

Þú heldur að ég geti það ekki.

MAÐUR

Þú getur bölvað þér uppá það.

KONA

Bíddu bara.

Löng þögn. PILTUR og STÚLKA birtast.

STÚLKA

Ég kvíði svo fyrir.

PILTUR

Þú þarft þess ekki. Þau eru mjög almennileg.

STÚLKA

Ég vil ekki gera neitt sem gæti komið sér illa fyrir þig. Ég veit hvað þetta er þér mikils virði.

PILTUR

Hvaða vitleysa er þetta í þér? Ég hef meiri áhyggjur af sjálfum mér en þér. Þetta verður allt í lagi.

STÚLKA

Ég elska þig.

PILTUR

Ég elska þig líka.

MAÐUR

Loksins! Loksins! Þau eru að koma. Komið þið sæl! Gangið í bæinn. Komið innfyrir. Gaman að sjá ykkur. Gott að þið skylduð sjá ykkur fært um að koma. Má ekki taka af ykkur? Leyfðu mér að hjálpa þér úr kápunni.

MAÐUR gerir ekkert til að hjálpa STÚLKU enda er hún ekki í neinni kápu.

PILTUR

Sæl verið þið! Þakka fyrir boðið. Mikil heiður mikill heiður mikill heiður! Afsakið afsakið afsakið hvað við erum sein. Umferðin. Sprakk. Næstum bensínlaus. Allsstaðar lokað og sjálfsalinn vildi ekki seðlana.

STÚLKA

Þeir voru svo krumpaðir.

MAÐUR

Ekkert að afsaka. Má ég kynna: Konan mín!

KONA

Má ég kynna: Maðurinn minn!

PILTUR

Má ég kynna: Kærastan mín!

STÚLKA

Má ég kynna: Kærastinn minn!

ALLIR

(Skvaldur. Þau heilsast með handabandi)

Gaman að kynna þér. Gaman að kynna þér. Gaman að kynna þér.

MAÐUR

Má ekki bjóða ykkur í glas?

(Gerir ekkert)

PILTUR

Þakka þér fyrir. Fyrir alla muni. Jú takk. Endilega.

KONA

Fáið ykkur sæti. Fáið ykkur sæti. Fáið ykkur endilega sæti.

STÚLKA

Þakka þér fyrir. Takk. Fallega boðið. Takk.

(Gerir ekkert)

KONA

Makalaust með veðrið. Og allt orðið svo dýrt.

STÚLKA

Hækkar stöðugt. Hætt að fylgjast með. Veit aldrei hvernig á að klæða sig út úr húsi.

KONA

Heillandi stúlka. Svo andrík. Þú hlýtur að vera stoltur af henni.

PILTUR

Ég elska hana.

STÚLKA

Ég elska hann líka.

KONA

En sætt! Heyrðiriðu það góði? Hann elskar hana. Og ekki nóg með það. Hún elskar hann líka.

MAÐUR

En gaman! Eigum við að skála?

PILTUR

Fyrir alla muni. Endilega.

Enginn skálar. Löng þögn. MAÐUR og PILTUR byrja að tala báðir í einu.

MAÐUR og PILTUR

Ég var að segja konunni..

(þagna)

MAÐUR

Fyrirgefðu! Hvað ætlaðir þú að segja?

PILTUR

Nei þú fyrst. Afsakaðu að ég skyldi grípa frammí fyrir þér.

MAÐUR

Ekkert að afsaka. Það er alveg dottið úr mér hvað ég ætlaði að segja.

PILTUR

Afsakaðu.

MAÐUR

Ekkert að afsaka. Hvað ætlaðir þú að segja?

PILTUR

Það var ekkert merkilegt.

Löng þögn. KONA og STÚLKA byrja báðar að tala í einu.

KONA og STÚLKA

Maðurinn minn..

(þagna)

STÚLKA

Afsakaðu!

KONA

Ekkert að afsaka.

STÚLKA

Ég ætlaði ekki að taka af þér orðið.

KONA

Heyrum rödd æskunnar.

MAÐUR

Er maturinn að verða til?

KONA

Við getum borðað hvenær sem er. En eigum við ekki að bíða?

MAÐUR

Hann hlýtur að fara að koma.

PILTUR

Ég hlakka óskaplega mikið til að hitta hann.

STÚLKA

Hann segir það alveg satt. Ég get staðfest það. Hann hlakkar óskaplega til.

MAÐUR

Mér fannst kominn tími til að þú hittir hann. Við getum ekki geymt þig lengur í kjallaranum. Ungan mann á uppleið.

PILTUR

Ég er þér óskaplega þakklátur.

MAÐUR

Nóg um það. Það er skylda mín. Ungir og efnilegir menn. Fyrirtækið þarfnast. Nýtt blóð. Ferskar hugmyndir. Frjálst framtak.

PILTUR

Ég skal ekki liggja á liði mínu.

STÚLKA

Það gerir hann örugglega ekki. Hann er svo samviskusamur. Hann gleymir aldrei neinu þegar hann fer út í sjoppu fyrir mig. Og man alltaf eftir að kippa ruslinu með. Um leið og við förum á fætur býr hann um. Illu er best aflokið segir hann alltaf. Það á ekki að fresta því til morguns sem hægt er að gera í dag. Morgunstund gefur gull í mund.

KONA

Aðdáunarvert!

STÚLKA

Já! Það er ekkert skrítið að ég elski hann.

PILTUR

Ég elska hana líka.

KONA

Sjáðu þessar turtildúfur. Svona ástfangnar. Manstu hvernig við vorum?

MAÐUR

Ég man ekki neitt. Aftur í glösin?

PILTUR

Takk. Takk. Takk.

KONA

Hvernig væri að taka eitt spil á meðan við bíðum?

STÚLKA

Það væri gaman. Ég er svo léleg í spilum. Hann vinnur mig alltaf. En mér er alveg sama. Aðalatriðið er ekki að vinna heldur að vera með.

KONA

Náðu í spilið góði.

MAÐUR sækir ekkert. Það setjast í kringum ímyndað spil og fara í gegnum flókið ferli. Hrista teninga draga spjöld færa til menn og þessháttar.

MAÐUR

(Kastar ímynduðum teningi)

Þrettán! Ég kaupi sjoppuna og læt fjórða veðrétt í fasteignasölu minni.

STÚLKA

(Dregur ímyndað spjald)

"Bankastjóri neitar þér um framlengingu. Farðu aftur á byrjunarreit". Ég er alltaf svo óheppin.

KONA

Óheppni í spilum heppni í ástum.

STÚLKA

Já. Ég elska hann.

PILTUR

Ég elska hana líka.

KONA

En sætt!

PILTUR

"Það kviknar í frystihúsinu þínu. Farðu fjóra reiti áfram og kastaðu aftur."

MAÐUR

Þú ert heppinn.

KONA

Óheppni í..

MAÐUR

Þetta á ekki við núna.

STÚLKA

Nei. Ég elska hann.

PILTUR

Og ég elska hana líka. Nítján! Ég fjárfesti í þessari mýri hérna. Það má byggja verslanamiðstöð hérna seinna.

KONA

Fjórir! "Allt er komið upp. Brenndu bókhaldið. Situr hjá tvo leiki".

MAÐUR

"Þú giftir þig". Ég skrifa húsið og bílinn á eiginkonuna.

PILTUR

Góður leikur!

STÚLKA

"Þú kaupir þér gamlan togara". Hvað á ég nú að gera?

PILTUR

Þú getur látið breyta honum og fengið ríkisábyrgðir.

MAÐUR

Engar aukameldingar! Annars væri sniðugara að sökkva honum og kaupa nýjan togara fyrir tryggingaféð.

STÚLKA

Frábært! Ég geri það.

PILTUR

Auðvitað! Ég er ekki kominn svona langt.

MAÐUR

Þú átt að gera. Látum þetta ganga svolítið.

PILTUR

"Þú færð ábendingu um að ávöxtunarfyrirtækið þitt er að fara á hausinn". Ég innleysi öll skuldabréfin og kaupi ríkisskuldabréf.

MAÐUR

En þá frystirðu allt kapitalið.

PILTUR

Það er satt. Ég kaupi dóp fyrir helmingin og sel með góðum gróða.

MAÐUR

Stórkostlegt! Ég vissi að ég hafði ekki veðjað á rangan hest.

STÚLKA

Já! Er hann ekki æði?

KONA

Og svo myndarlegur!

MAÐUR

Þú átt að gera.

KONA

Ég sit hjá. Þú átt að gera.

MAÐUR

"Þú verður gjaldþrota". Fínt! Þeir geta ekki snert húsið og bílana. Ég losna við gömlu skuldirnar og opna aftur með nýja kennitölu.

PILTUR

Snilldarbragð! Þú hefur engu týnt niður.

X

Pylsur! Pylsur! Pylsur segi ég. Pylsur!

MAÐUR

Velkominn! Velkominn! Hjartanlega velkominn!

KONA

Þá getum við borðað.

X

Svo þetta er nýi folinn.

PILTUR

Gleður mig óneitanlega ósegjanlega ofboðslega að kynna þér yður.

X

Það er góður gangur í honu. En hefur hann skap?

STÚLKA

Hann er ofsalega skapmikill. Um daginn þá var ég með lærissneiðar. Þær voru feitar. Hann varð svo reiður að hann borðaði þær ekki. Fór bara inn í stofu og kveikti á sjónvarpinu.

X

Töltari.

MAÐUR

Hann er ótvírætt efni. Sjáðu tennurnar. Það er hægt að kenna svona dýri hvað sem er.

KONA

Gjörið þið svo vel!

Allir þakka en enginn borðar enda hefur kona ekki borið neitt fram.

X

Sá á kvöl sem á völ. Á að temja fola eða er best að senda hann í pylsugerðina? Á að gelda hann eða er hann brúklegur til undaneldis? Er hann kappreiðahestur eða púlsklár? Þið sjáið að hlutverk mitt er ekki létt.

MAÐUR

Ábyrgðin. Ábyrgðin. Já ábyrgðin.

X

Það næðir um tindinn. Það er ekki á allra færri að standa þar. Það er heldur ekki pláss fyrir alla. Hahahaha!

Allir gráta af hlátri.

KONA

Elskurnar fáíð ykkur meira. Það er nóg frammi.

STÚLKA

Þetta er óskaplega gott hjá þér. Þú verður að láta mig fá uppskriftina.

KONA

Þetta er ekkert mál. Þú tekur fjögur egg..

(Karlarnir halda áfram samræðunum en KONA malar undir)

.. og þeytir þau í fjóran mínútur. Kveikir á örbylgjuofninum og á meðan hann er að hitna skilurðu hvítuna frá rauðunni. Maður verður alltaf að reyna að nota tímann sem best. Því næst tekurðu fjórar skeiðar af sykri og fleygir þeim yfir öxlina. Hrista síðan allt saman og gæta vel að því að það skilji sig ekki. Síðan smyrðu eldfast form og stökkvir á það vígðu vatni.

X

Umfram allt verða menn að vera viljugir. Viljinn er allt. Viljaleysið líka. Viljalaus verkfæri.

PILTUR

Þetta virðist svo einfalt þegar þú segir það.

X

Láttu ekki blekkjast ungi maður. Ekkert er svo einfalt að það sé ekki hægt að gera það flókið með réttum aðferðum. Láttu hest ganga að vegg og hann krækir fyrir hann. En settu á hann klappa svo hann sjái ekki til hliðanna og hann stendur við vegginn til eilífðarnóns.

PILTUR

Svo djúphugsað!

MAÐUR

Heimurinn í hnotskurn!

X

Pylsur! Pylsur! Pylsur!

KONA

Mér líkar ekki hvernig þú talar við manninn minn.

MAÐUR

Þegiðu kona! Gættu að því hvað þú segir.

KONA

Meira kaffi?

STÚLKA

Óskaplega gott kaffi. Ég verð að fá uppskriftina.

KONA

Það er ofureinfalt. Þú tekur tvær skeiðar..

(Malar áfram. Þagnar þegar X lýkur máli sínu)

.. af kaffi. Æ hvernig læt ég? Fyrst tekurðu lítra af vatni og sýður það. Mér finnst best að láta suðuna koma vel upp og láta hana dreifa sér um allan pottinn. Leyfa litlu mólikúlunum að bregða á leik. Síðan tekurðu kaffið - það er best að hafa það brennt og malað - og sullar því einhvernvegin útí vatnið. Gusa af köldu vatni. Lætur falla og það er tilbúið.

X

Ekki má veðja á rangan hest. Það getur orðið dýrkeypt. Nýtt veðmál til að vinna upp gamla tapið. Nýtt tap. Keðjuverkun. Röð óhappa. Gjaldþrot. Sjálfsmorð. Nei það verður að skera úr í eitt skipti fyrir öll. Þið verðið að keppa. Hér og nú.

MAÐUR

Við?

X

Já, Var það ekki meiningin? Það er plássleysi á tindinum. Einn kemur þá annar fer. Eins dauði er annars brauð.

MAÐUR

En ég ætlaði bara að hjálpa piltinum.

X

Hjálpsemi. Hjálpsemi. Hjálpsemi. Undarleg tilhneiging hjá manskepnunni. Sem betur fer er hún á undanhaldi. Enginn er annars bróðir í leik.

MAÐUR

Ég keppi ekki við hann. Það er fyrir neðan mína virðingu.

X

Ætlarðu að gefast upp baráttulaust?

MAÐUR

Ég gefst ekkert upp. Ég hef aldrei gefist upp. Ég var á tindinum þegar hann fékk fyrsta snuðið sitt.

PILTUR

Þú ert farinn að mosavaxa.

MAÐUR

Þú líka Brútus! Vanþakkláti hvolpur! Eftir allt sem ég hef gert fyrir þig.

PILTUR

Gert fyrir mig?

KONA

Já. Gert fyrir þig.

STÚLKA

Gert fyrir hann? Þú hefur ekki gert annað en að láta hann vinna eftirvinnu svo þú gætir sjálfur tekið því rólega. Þú hefur notað hann.

PILTUR

En nú kann ég líka allt sem hann kann.

X

Þetta líkar mér. Ungur og graður!

MAÐUR

Ég hef alið nöðru mér við brjóst. Hælbít. Rýtingsstunga í bakið.

X

Takið ykkur stöðu.

Karlarnir fara á fjóra fætur en konurnar setjast á bak.

KONA

Ég hef ekki heilsu í þetta lengur.

X

Viðbúnir! Tilbúnir! Nú!

Gæðingarnir geysast af stað. Það er hörð keppni en þeir koma jafnir í mark.

X

Hnífjafnir!

MAÐUR

Svona hvolpar! Þeir ættu að halda sig við jörðina.

PILTUR

Spyrjum að leikslökum.

MAÐUR

Þegar ég hef sigrað ert þú búinn að vera.

X

Þið verðið að reyna aftur. Takið ykkur stöðu! Bíðum við. Við breytum fyrirkomulaginu. Skiptið um stöðu!

MAÐUR

Þær geta ekki keppt.

PILTUR

Þær kunna ekki að keppa.

MAÐUR

Konur eru ekki nógu grimmar fyrir samkeppni.

X

Bull! Konur eru miklu grimari en karlmenn. Þær verða að vera það. Afkvæmin.. já framgangur lífsins er á þeirra ábyrgð. Hvað gera minnkalæður í búrum í aðsteðjandi hættu? Þær éta afkvæmin. Köngulær drepa karlana eftir ástarleik og éta þá. Engisprettur klippa hausana af körlunum þegar leikurinn stendur sem hæst. Haldið þið að þið gætuð leikið þetta eftir?

PILTUR

Mér verður illt.

STÚLKA

Mannaðu þig upp. Þú verður að standa þig.

X

Takið ykkur stöðu!

Konurnar fara á fjóra fætur. Karlarnir setjast á bak.

MAÐUR

Stattu þig nú gamla seig!

KONA

Hef ég nokkurn tíma brugðist þér?

MAÐUR

Við tölum ekki meira um það.

PILTUR

Ég elska þig.

STÚLKA

Ég elska þig líka.

X

Viðbúin! Tilbúin! Nú!

Þau geysast af stað. Unga parið sígur fljótt framúr. MAÐUR ber fótastokkinn ákaft til að herða á KONU. KONA dettur á miðri leið. MAÐUR djöflast á henni og reynir að fá hana til að standa upp. Unga parið kemur í mark.

PILTUR

Við unnum! Við unnum! Við unnum!

PILTUR stingur sykursmola uppí STÚLKU.

X

Við stöndum nú á tímamótum. Enn einn gæðingur til undaneldis. Enn einn húðarklár í pylsugerðina. Lífið verður að hafa sinn gang.

STÚLKA

Ég er svo stolt af þér.

PILTUR

Ég elska þig.

STÚLKA

Ég elska þig líka.

X

Þín bíða mikil verkefni.

PILTUR

Ég get varla beðið eftir því að takast á við þau.

X

Vertu dyggur trúr og tryggur.

PILTUR

Enginn þarf að efast um trúmennsku mína.

X

Pylsugerðin bíður handan við hornið.

Undir þessum samræðum ganga PILTUR og STÚLKA ásamt X af sviðinu. KONA stendur upp. Hún gengur til MANNS og tekur utan um hann honum til huggunar. Hann ýtir henni frá sér og slær hana

utanundir. Hún tekur fyrir andlitið og gengur af sviðinu. MAÐUR situr einn eftir. Ljósín dofna. MAÐUR situr um stund í rökkriinu. Ljósín koma hægt upp og 2. mynd: Grimmd hefst.

© Benóný Ægisson

Verkið má ekki afrita eða flytja opinberlega án leyfis höfundar